



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Bjartahlíð

2021 – 2022



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021 .....	5
2.1 Mat á innleiðingu menntastefnu - félagsfærni.....	5
2.2 Mat starfsmanna á styttingu vinnuviku.....	5
2.3 Mat á breytingum í matartíma .....	6
2.4 Mat barna í Björtuhlíð .....	7
2.5 Mat á sérkennslu 2020-2021 .....	8
2.6 Foreldrakönnun .....	8
2.7 Viðhorfskönnun starfsmanna .....	9
3 Umbótaáætlun deilda .....	10
3.1 Innra mat Grenihlíðar .....	10
3.2 Innra mat Reynihlíðar .....	10
3.3 Innra mat Furuhlíðar .....	11
3.4 Innra mat Birkihlíðar 2021-2022 .....	12
3.5 Innra mat Hlíð og Holt .....	12
3.6 Innra mat sérkennsla .....	13
3.7 Innra mat söngur og tónlist .....	13
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
6 Erasmus+ .....	15
7 Foreldrasamvinna.....	16
8 Starfsþróun innleiðing menntastefnu - læsi.....	16
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	18
10 Fylgigögn.....	19
10.1 Greinargerð vegna breytinga á húsnæði skólans .....	19



## Leiðarljós leikskólans

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag.

Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir og tækifæri til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk Björtuhlíðar hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir þau eru: Gleði, samvinna, jákvæðni.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið fór frekar óvenjulega af stað þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi og Kristín aðstoðarleikskólastjóri tók að sér að leysa hana af. Sérkennslustjóri fór einnig í veikindaleyfi á haustmánuðum ásamt því að tveir deildarstjórar fóru í langtíma veikindi á tímabilinu. Mikið var um starfsmannaveltu á skólaárinu. Langtímaveikindi og fæðingarorlof spiluðu þar stóran þátt. Allir lögðust þó á eitt um að halda uppi öflugu starfi í skólanum við breyttar aðstæður í samkomutakmörkunum.

Strax um sumarið 2020 fóru af stað umræður í starfsmannahópnum um innleiðingu félagsfærnihlutans í Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að nýta vinaverkefni Barnaheilla til að vinna gegn einelti og með vináttu í leikskólanum. Við sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun og er verkefnið komið til að vera. Námsefnið var kynnt fyrir öllu starfsfólki á fyrsta skipulagsdegi í sept. 2020. Margrét Júlía Rafnsdóttir frá Barnaheillum kom og var með kynningu á hugmyndafræði verkefnisins og hvernig það er byggt upp. Námsefnið var svo keypt og fór vinna strax af stað á deildum. Margir starfsmenn hafa setið námskeið Barnaheilla í vetur og er stefnan tekin á að allir sem starfa á deildum fari á námskeiðið. Í mati á verkefninu kom fram ánægja hjá börnum, foreldrum og starfsfólki.

Haustið litaðist óneitanlega af vinnu við útfærslu á styttingu vinnuviku. Stofnaður var vinnuhópur sem samanstóð af fulltrúum allra stéttafélaga í leikskólanum. Fundað var reglulega á haustmánuðum um það, hvernig fyrirkomulag styttingar við sáum fyrir okkur. Haft var samráð við starfsfólk og fundað



innan og milli deilda um útfærslur. starfsmenn í vinnuhópnum fengu fræðslu hjá stéttafélögum sínum um hvernig hægt væri að útfæra styttingu. Á endanum var ákveðið að fara í 4ra tíma styttingu í hverri viku með nokkrum útfærslum. Starfsfólk var með í ráðum hvernig útfærsla hentaði hverjum og einum. Þannig taka nokkrir styttingu á hverjum morgni. Einhverjir taka styttingu aðra hvora viku. Flestir deildastjórar safna styttingu og bæta henni til dæmis við sumarfrí og páskafrí þegar við erum með afleysingafólk inni í skólanum. Flestir vinna samt 36 stunda vinnuviku og eiga fastan dag þar sem starfsmaður fer fyrr úr vinnu.

Elstu börn leikskólans ásamt kennurum þeirra tóku þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Börnin sungu við opnun hátíðarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Áframhaldandi samstarf með Tónskóla Sigursveins verður næsta skólaár.

Aðstæður á elstu deild leikskólans næsta skólaár eru breyttar. Börn í elsta hóp verða það fjölmenn miðað við síðustu ár að við þurfum að hafa þau á tveimur deildum. Við breyttar aðstæður verður lögð áhersla á meiri samræmingu og samvinnu milli elstu deilda. Unnið verður með árganginn sem einn hóp. Kennarar verða með ákveðin verkefni sem þau svo vinna með öllum hópnum. Þannig eiga allir að geta notið bestu leik og námsskilyrða. Einnig verður áhersla á samvinnu á hinum deildum skólans þannig, að tvær og tvær deildir vinna náið saman. Með því vonumst við til að ná fram gróskumiklu lærdómssamfélagi í leikskólanum. Stefnt er að því að allir deildarstjórar taki undirbúningstíma eftir kl. 14 á daginn. Þannig skapast einnig tími fyrir sameiginlega fundi og teymisvinnu. Allir deildarstjórar eru nú komnir með eigin tölvu til afnota en það auðveldar undirbúning og samvinnu. Borðtölvur voru alfarið fjarlægðar af deildum í vetur. Að okkar mati eru deildirnar ætlaðar til leiks og samstarfs með börnunum en ekki til undirbúningsvinnu.

Á næsta skólaári tökum við fyrir læsi við innleiðingu Menntastefnu. Verkefnið heitir Læsi fyrir lífið.

Starfsfólk Björtuhlíðar á hrós skilið fyrir frábæra vinnu á tímum heimsfaraldurs. Hópurinn var lausnamiðaður og jákvæðni ríkti í allri starfsemi þrátt fyrir mikið álag vegna samkomutakmarkanna og reglna sem óneitanlega voru íþyngjandi í starfinu.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

### Innra mat

#### 2.1 Mat á innleiðingu menntastefnu - félagsfærni

Á deildarfundum í október svöruðu deildarstjórar gátlista af vef Menntastefnu Reykjavíkurborgarásamt starfsfólki sínu. Gátlistinn nýttist vel til að meta stöðuna og ákveða helstu áherslur.

Á skipulagsdegi þann 5. mars kynntu deildarstjórar frá hverri deild hvernig vinna með félagsfærni og Bláverkefnið hefði gengið. Margar skemmtilegar hugmyndir voru viðraðar og mikil ánægja var með verkefnið hjá starfsfólki.

Á skipulagsdegi þann 10. maí var gátlisti af vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar aftur lagður fyrir á deildarfundum. Þátttakendum fannst vel hafa tekist til og merkjanlegur munur frá því um haustið.

Deildarstjórar fengu opnar matsspurningar um verkefnið sem þeir ræddu með starfsfólki sínu. Niðurstöður þeirra voru m.a. að börnin væru nú duglegri að tala um venskap og vináttu. Einnig kom fram að börnin væru duglegri að setja mörk og segja stopp ásamt því að eiga auðveldara að tjá eigin líðan. Hægt var að merkja meiri hjálpssemi barna á milli á deildum. Starfsfólkið sagði að verkefnið hefði auðveldað starfið þar sem samskipti urðu léttari og andrúmsloft jákvæðara.

Í foreldraviðtölum í maí kom fram að verkefnið væri að skila sér heim þar sem börnin voru að segja fjölskyldum sínum frá Blæ og vinaverkefninu.

Vinaverkefni Barnaheilla er komið til að vera í leikskólanum. Okkur finnst markmiðin sem sett voru í upphafi vera raunhæf og að vinnan sé að skila sér í uppfylltum markmiðum. Ný börn á hverju ári og breytt samsetning hópa gerir það að sjálfsögðu að verkum að áfram er unnið að markmiðum á hverju ári. Nýtt starfsfólk sækir námskeið og lifandi umræða á sér stað í síbreytilegu skólastarfi okkar.

#### 2.2 Mat starfsmanna á styttingu vinnuviku

##### Matsspurningar á starfsdegi 10 maí 2021

Starfsfólk mat vinnustyttingu á skipulagsdegi þann 10. maí. Deildastjórar lögðu opnar spurningar fyrir starfsfólk deildanna.

Sp. 1: Hverju hefur styttingin skilað fyrir leikskólann?



Svör: Ánægðari og orkumeiri starfsmenn, minna skrepp, betri vinnuskilyrði og betri starfsandi. Færra starfsfólk hnitmiðaðra skipulag. Stundum meira álag á starfsfólk.

Sp. 2: Hverju hefur styttingin skilað fyrir starfsfólkið?

Svör: Starfsmenn mæta glaðari í vinnuna. Starfsmenn geta nýtt styttinguna í persónuleg erindi, fara í ræktina og sinna fjölskyldunni.

Starfsfólk var almennt ánægt með hvernig til hefur tekist og telur kosti fleiri en galla. Stjórnendum finnst álag á þá hafa aukist nokkuð við styttinguna þar sem oft þarf að skipuleggja og færa fólk milli deilda í lok dags til að manna deildarnar.

### 2.3 Mat á breytingum í matartíma

Gerðar voru breytingar á matmálstímum í Björtuhlíð í Grænuhlíð í vetur þar sem hádegisverður fer nú fram í flæði á öllum deildum skólans. Hugmyndin að þessum breytingum hefur verið að þróast í nokkurn tíma. Á elstu deild í Grænuhlíð var flæði tekið upp í hádegi fyrir nokkrum árum. Helstu breytingar með því að taka upp flæði eru að börnin borða ekki öll á sama tíma, aðeins er borðað í einu herbergi, börnin velja hvar þau sitja og skammta sér alfarið sjálf á diska. Áhersla er á sjálfræði og sjálfsefningu. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og var það mat starfsfólks að matartímar væru rólegri. Börn sem voru lengi að borða þurftu ekki að flýta sér eins mikið og börn sem voru snögg að borða gátu farið frá borðinu í önnur verkefni þegar þau voru búin að matast.

Búið er að ákveða að gera skipulagsbreytingar á húsnæði í Grænuhlíð á næsta ári sem felast meðal annars í því að ein matstofa verður fyrir allt húsið þ.e. fjórar deildir (sjá fylgiskal 1). Við töldum því að þetta ár fram að breytingum á húsinu væri ákjósanlegt til að venja börn og starfsfólk við nýtt fyrirkomulag í matartímum.

Áður en breytingarna áttu sér stað fóru deildastjórar í heimsókn í tvo leikskóla þar sem börnin borða í matsal til að kynna okkur kosti og galla og máta við starfið í Björtuhlíð. Í framhaldi af því fórum við í breytingarnar.

Breytingin var gerð og eru nú allar deildir með sama fyrirkomulag, sem þýðir að aðeins er borðað í einni stofu á hverri deild. Um er að ræða flæði í matartíma. Skipulagið er eins á öllum deildum.

Markmiðið okkar með flæði í matartíma er að efla sjálfstæði og sjálfræði barnanna, minnka biðtíma og ýta undir barnamenningu í matmálstíma.



Starfsfólk svaraði matsspurningum um kosti og ókosti breytinganna.

Hvaða ávinning sjái þið fyrir börnin við breytingu í matstofu?

### **Kostir**

Börnin fá strax að æfa sig að skammta sér sjálf og velja sér sæti áður en þau fara á eldri deildir og í grunnskóla. Þau verða sjálfstæðari og eflast. Þau tala meira sín á milli í matartímanum og matartíminn verður meira barnamiðaður, en var áður kennara miðaður. Þau þurfa ekki að sitja allan tímann. Hvert barn fær þann tíma sem það þarf í að borða. Frágangur eftir matartíma er aðeins í einni stofu.

Við þessar breytingar á deildum tókum við eitt stórt borð af hvorri deild og við það fengu börnin meira leikrými.

### **Ókostir**

Tekur lengri tíma að borða, oft erfitt að fylgjast með öllu. Getur myndast hávaði. Sumum finnst meiri órói, þar sem börnin eru að koma og fara í matstofuna.

Fáir eða engir ókostir, hefur gengið ótrúlega vel og flæðir vel frá því að fyrstu börnin koma úr útiveru þangað til síðustu börnin eru komin hvíld.

Eflaust eiga bæði börn og starfsmenn eftir að venjast betur nýjum og breyttum aðstæðum.

## **2.4 Mat barna í Björtuhlíð**

Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir átta börn af þremur deildum

1. Hvað er skemmtilegast/best í Björtuhlíð?

*Vera með vinum, leika með vinkonum, bara leika, fótbolti úti, búa til leikhús og knúsast, afmæli.*

2. Hvað er erfiðast við að vera í Björtuhlíð?

*Að kubba rísa hús, lita, hlaupa í eltingaleik, vera lengi úti þá get ég ekki leikið mér þá verður maður þreyttur, vera með ó, ó á puttanum, að taka saman, að standa á hjóli.*

3. Hvað er best í matinn? En verst? Hvað vilt þú hafa í matinn?

*Best: fisk og kartöflur, pasta og hakk, kjötbollur, pylsur.*

*Verst: grænmetisbuff, fiskurinn, rófur, smjör, kennarapípar.*

*Hvað vilt þú hafa í matinn: kornflex, brauð með osti, ís, kjötbollur og kartöflur, sterkar kjötbollur, pítur.*



4. Hvað er best við matartímann?

*Að fara fyrst að borða, kjötbollur, að drekka, best að borða, þegar ég sit við hliðina á vinkonu.*

5. Hvað er erfiðast við matartímann?

*Að borða á eftir (vera síðastur), þegar ég sit við hliðina á strák og engum stelpum, bíta brauðið mér finnst erfitt að bíta hart, erfitt að borða fisk út af því að ég hef ekki mög stóran munn.*

6. Myndir þú vilja hafa eitthvað öðruvísi í matartímanum?

*Eitthvað öðruvísi glas, öðruvísi fisk ég vil fá bleikju, pasta eins og ég fékk í kvöldmat, hafa allt á borðinu, ís.*

7. Myndir þú vilja hafa eitthvað öðruvísi í leikskólanum?

*Eitthvað dót og dýr, öðruvísi krakka sem eru lítil, öðruvísi mat, færa eina hillu í dúkkukrók og setja við vegg annarstaðar, breyta borði í regnbogaborð og gólfið væri blóm.*

8. Um útiveru

*Skemmtilegt að leika í sandkassanum, vildi breyta að leikskólinn gæti flogið þá gæti ég séð Jesú, vildi breyta í fótboltavöll með grænu grasi, að dekkja róla væri blóm, að það væru hundrað sólir, bara mjög gott í útiverunn, leikja í leikjum.*

## 2.5 Mat á sérkennslu 2020-2021

Á skólaárinu voru þrjú börn með stuðningstíma. Hópur barna fékk sérstaka málörvun hjá talmeinafræðing sem hitti börnin reglulega í leikskólanum. Talmeinafræðingur vann í samstarfi við foreldra og kennara barnanna. Það er jákvætt að okkar mati að fá talmeinafræðinga inn í leikskólann þar sem samstarfið gerir vinnu með börnin mun markvissari. Sérkennslustjóri var í veikindaleyfi á síðastliðnu skólaári og ekki tókst að ráða inn afleysingu í stöðuna þar sem umsækjendur uppfylltu ekki kröfur um menntun og reynslu. Deildastjórar og stjórnendur leikskólans sáu um að sinna störfum sérkennslustjóra eftir bestu getu.

## Ytra mat

### 2.6 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð í Björtuhlíð í mars 2021. Þátttaka var 90% sem er mjög gott. Við höfðum á heildina örlítið lækkað. Við teljum skýringar vera langtíma veikindi starfsmanna, sem leiddi til mikilla mannbreytinga. Þetta var einkum á tveimur miðdeildum leikskólans. Á öðrum deildum skoruðum við vel yfir meðallag leikskóla í borginni.

Þrátt fyrir þessa útkomu var skorið hátt á eftirfarandi þáttum:

- Foreldri finnst barnið öruggt í leikskólanum





- Foreldri finnst að barnið fá fjölbreytt og góð verkefni
- Foreldri finnst að barnið taki framförum.
- Foreldri finnst að barnið fái tækifæri til sköpunar
- Foreldri finnst að barnið fá áhugaverð viðfangsefni
- Foreldri finnst að barnið eigi góða féлага.

Þetta skólaár einkenndist af Covid 19 faraldrinum, foreldrum var mikið haldið utan skólans og vorusamskipti því ekki eins mikil og í venjulegu árferði.

Niðurstaða þessarar könnunar gefur okkur vísbendingu um hversu mikið óviðráðanlegar aðstæður eins og veikindi lykilstarfsmanna hafa áhrif á starfið. Ljóst er að virkja þarf betur annað starfsfólk til að ganga í störf þess sem er í burtu. Sérstaklega þarf að fá einhvern til að bera ábyrgð á foreldrasamskiptum ef deildastjóri er lengi frá störfum.

## 2.7 Viðhorfskönnun starfsmanna

Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar þ. a. m. Björtuhlíðar var gerð í mars 2021.

Niðurstaða gefur okkur vísbendingar um hvað við þurfum að lagfæra. Bjartahlíð er rétt undir meðallagi þegar við berum okkur saman við allt Skóla-og frístundasvið. Hæsta skor í þessari könnun er 5, Bjartahlíð er með meðaltal 4.04. Í nokkrum þáttum erum við undir 4. Það er verkefni sem þarf að bæta. Þessir þættir eru:

Hæfilegt vinnuálag 3,53.

Móttaka nýliða 3,45

Vinnuaðstaða 3,67

Starfsandi 3,95

Við teljum að veikindi lykilstarfsmanna hafi haft áhrif á vinnuálag, starfsanda og móttöku nýliða. Við vonumst að sjálfsögðu til að lenda ekki í þessum aðstæðum aftur en ljóst er að ef það gerist þá þarf að minnka álag á annað starfsfólk deildanna og fá meiri aðstoð inn. Á deildum þar sem mikil sérkennsla er var einnig aukið álag vegna fjarveru sérkennslustjóra. Engu að síður teljum við marga þætti vel við unandi og starfsfólk Björtuhlíðar hafa staðið sig mjög vel í nýjum og erfiðum aðstæðum.



### 3 Umbótaáætlun deilda

#### 3.1 Innra mat Grenihlíðar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Leyfa börnum að fá meira val í matstofu.	Bættum einu borði við í matstofu, 17 sæti í boði í stað 12. Ekki fleiri en 12 að borða í einu og því meira val fyrir börnin.	Álfhildur deildarstjóri	Apríl 2020	Ágúst 2021	Vettvangsathugun.	Börn fá meira val nú en áður þegar þau koma inn að borða. Nú er ávallt laust að minnsta kosti fjögur sæti fyrir hvert barn. Áður þegar deildin var eingöngu með tvö borð var mjög oft að það var bara eitt laust sæti og því ekkert val í því. Að taka inn eitt borð í viðbót er mjög góð leið í að bæta val barna á deildinni og munum við halda því áfram.

#### 3.2 Innra mat Reynihlíðar

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni barna.	Vinalegri samskipti	Blær vináttuverk-efni barnaheilla.	Deildar- stjóri	Sept. 2021	Maí 2021	Starfsmenn fylgjast með samskiptum barna og heyrja í foreldraviðtölum hvernig verkefnið skilar sér heim.	Að börnin verði vinalegri og færari í félagslegum samskiptum. Geti leyst úr ágreiningsefnum á vinalagan hátt. Að þau þekki tilfinningar og hvað er vinalæg hegðun.



### 3.3 Innra mat Furuhlíðar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Flæði í hádegismat</b>	Flæði í hádegi, minnka þar með stress í kringum hádegjð, t.d. hvað varðar bleyjuskipti og koma börnum inn úr útiveru. Auk þess að skapa betra leiksvæði fyrir börnin t.d. með því að losa borð af deild.	Losum tvö stór borð af deild og fáum eitt minna inn í staðinn. Breytum aðeins skipulagi kaffitíma starfsmanna og verklagi í kringum hádegjð, þ.e. hvar þörf er á starfsmanni hverju sinni og hversu lengi. Skiptum barnahópnum upp svo þeir sem sofa lengst fara fyrstir að borða. Þegar þeir fara í hvíld borðar afgangurinn af hópnum. Svona flæðir þetta og þarf alltaf að passa að nægilega margir starfsmenn séu til staðar til að fylla allar vaktir/rými.	Fyrst og fremst deildarstjóri en er að sjálfsögðu samvinnuverkefni allra starfsmanna á deild og stjórnenda. Allir koma með tillögur að breytingum og útfærslum á þeim.	Jan. 2021	Feb. 2021	Fyrst og fremst metið með því að fylgjast með börnum fyrir matartíma, á meðan honum stendur og fram í hvíld. Hentar þetta þeim? Er minni æsingur og stress í hádeginu? Metið með því að ræða við starfsfólk og heyra upplifun þeirra af breytingunum. Er þetta góð breyting? Bætir hún starfsumhverfi og ánægju? Auðveldar hún starfið? Hefur leikur barnanna breyst eftir að leiksvæðið breyttist?	Erfitt að segja. Hugsanlega hægt að miða við hvernig hefur gengið hjá öðrum sem hafa verið í svipuðu verkefni.



### 3.4 Innra mat Birkihlíðar 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt? 1.Málörvunnar verkefni Lubbi finnur málbein -	Hvernig framkvæmum við það? notkun framburðaræfinga líka í annarri starfsemi (öðru verkefni) en bara Lubbi finnur málbein, t.d.samvera, útivera, tónlistarstund, barna jóga, listaverkefni, orðalistinn etc.	Hver ber ábyrgð? allir kennarar deildarinnar Hver framkvæmir? deildarstjóri 1. stýrir miluffjöldi, 2. örvar hugmyndir	09/10 2021	05/06 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) Rýnihópur, safna gögnum	1.kerfisbundin greining á framvindu 2. viðtöl við kennara sem taka þátt í verkefninu 3. sameiginleg athugun á framförum barna (líka viðtal við börn)

### 3.5 Innra mat Hlíð og Holt

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Nota Blæ meira í starfi með börnunum	Nota Blæ-spjöldin til umræðu með börnunum, Nota stóra Blæ í samveru, lesa vináttubækurnar. Leggja orð á tilfinningar.	Allir á deildinni	Haut 2021	Vor 2022	Fundir með starfsfólki um börnin, fylgjast með börnunum í leik	Börnin nota Blæ bangsann í leik og sýna hvert öðru vináttu



### 3.6 Innra mat sérkennsla

UMBÓTAPÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
	Að vinna markvisst með börn með slakan málþroska	Sérkennslustjóri verði með ákveðnar málörvunarstundir á hverri deild. (litlir hópar)	Leikskóla- og sérkennslustjóri	Hefst í október þegar nýr sérkennslustjóri kemur til starfa	Lýkur Vor 2022	Metið með gátlistum og hljómi prófi Staða hvers einstaklings metin.	Aldurs svarandi málþroski

### 3.7 Innra mat söngur og tónlist

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
	Að börnin fá tónlistastund í hverri viku. Læsisefling í gegn um tónlist.	Menntaður tónlistkennari hefur tónlistastund í hverri viku á öllum deildum í Grænuhlíð?	Leikskólastjóri, Tui Hirv, söngkona og Leikskólakennari framkvæmir	í upphafi skólaárs 2021	Vor 2022	Sönglög, þulur, og rím og annað sem styrkir hljóðkerfisvitund. Metið í lok haustannar og í lok vorannar	Ánægja barna aukinn orðaforði þeirra. Árangur metin út frá læsisáætlun Björtuhlíðar



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölum var ekki lokið við gerð þessarar starfsáætlunar. Leikskólastjóri var búin að fá hluta starfsmanna í viðtöl vegna starfsþróunar, líðan í vinnu og styttingu vinnuviku.

Minna var um námskeið í vetur vegna samkomutakmarkana í samfélaginu. Við lögðum áherslu á að starfsfólk kæmist á námskeið sem nýttist í innleiðingu menntastefnu. Það voru 11 starfsmenn sem fóru á netnámskeið Barnaheilla á skólaárinu um vinaverkefnið Blæ.

Einn starfsmaður í sérkennslu fór á námskeið hjá Ráðgjafa og greiningastöð um einhverfu.

Allt starfsfólk tók þátt í Menntastefnumóti Skóla og frístundasviðs og Menntavísindasviðs HÍ.

Á skipulagsdegi í júní kom Sigurbjartur Frímansson aðstoðarleikskólastjóri Sólborgar og var með fyrirlestur um opinn efnivið í leikskólum.

Tveir starfsmenn leikskólans voru í leikskólakennaranámi með vinnu á síðasta skólaári og á því næsta verða 3-4 starfsmenn í leikskólakennaranámi með vinnu.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólarnir eru með þrjá skipulagsdaga á ári sem eru hafðir á sama tíma til hagræðis fyrir foreldra sem eru með börn á báðum skólastigum.

Samstarf leikskólans, fyrsta bekkjar Hlíðaskóla og frístundaheimilis Hlíðaskóla hefur verið eins og hér segir:

- Börn í 1. bekk koma í heimsókn í Björtuhlíð að hausti.
- Börn frá Björtuhlíð heimsækja Hlíðaskóla, taka þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börnum í Björtuhlíð er sýndur Hlíðaskóli
- Börnum í Björtuhlíð er boði á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Börn heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvisvar á vormánuðum.

Vegna samkomutakmarka í samfélaginu var börnum ekki boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla í vetur. Börn í 1. bekk Hlíðaskóla komu ekki heldur í heimsókn í leikskólann af sömu ástæðu.



Í maí funda deildstjórar elstu barnanna með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

## 6 Erasmus+

Áfram verður haldið með Erasmus+ verkefni sem hófst haustið 2019. Verkefnið heitir STEAM; Surfing the European Artistic Monuments. Verkefnastjóri verkefnisins er Dýrleif Ingvarsdóttir. Framlenging fékkst á verkefninu vegna Covid-19 faraldursins og lýkur verkefninu því í júní 2022 í stað sept. 2021 eins og lagt var af stað með í upphafi.

Dýrleif Ingvarsdóttir listasmiðjustjóri sótti um verkefni til Erasmus+ sem hófst haust 2020 og stendur til 2022. Það verkefni heitir Tradition is a source of inspiration – from the region to Europe. Verkefnið var samþykkt en vegna Covid-19 faraldurs hefur það einnig verið framlengt. Leikskólar þriggja Evrópulanda taka þátt í verkefninu. Samstarfsskólar okkar eru í Portúgal og Póllandi.

Vegna heimsfaraldursins fóru öll samskipti fram á netinu og höfum við verið mjög dugleg að „hittast“ og spjalla, bæði börn og kennarar. Börnin tóku nokkra TEAMS fundi þar sem þau spjölluðu við börn í Portúgal og Póllandi. Börnin undirbjuggu spurningar til barnanna t.d hvað þeim fundist skemmtilegast að gera í skólanum, hver væri uppáhalds maturinn þeirra, og fleira. Einhver börn sungu skemmtileg lög, vinsælt var að syngja Panie Janie á pólsku sem er okkar Meistari Jakob. Börnin teiknuðu bæði jólakort og páska/vorkort sem send voru til skólanna. Einnig sendum við póstkort með myndum af eldgosinu og fleiri fallegum stöðum frá Íslandi. Börnin sögðu hvort öðru frá því sem þau ætla að gera í sumarfríinu. Að sama skapi fáum við samskonar kort frá samstarfsskólunum. Í maí var svo pólsk vika í leikskólanum þar sem börnin fengu pólska kjúklingasúpu og pólskan fiskrétt í matinn, horfðu á kynningarmyndband frá „Mali Odkrywcy“ sem er pólski skólinn og dönsuðum pólskan dans „Krasnoludki“. Við erum svo heppin að hafa hér tvo pólska kennara sem sögðu börnunum pólskar þjóðsögur og sýndu brúðuleikhús og „kenndu“ nokkur pólsk orð.

Þar sem kófinu er að léttu þá sjáum við okkur fært að fara í heimsóknir til samstarfsskólanna og er fyrsta ferð ákveðin um miðjan október en þá fara fjórir kennarar til Spánar. Það er alltaf gaman og gífurlega lærdómsríkt að vera í slíku samstarfi sem Erasmus+ veitir á öllum skólastigum.

### Mobility – STEAM 2021-2022 ferðir 2001 - 2002

- Spánn/Guadalajara 17.-22. október 2021  
(70 km NA af Madrid)



- Grikkland/Patras 28. nóv.-3. desember 2021

(215 km vestur af Aþenu)

- Ítalía/Faenza 21.-25. febrúar 2022

(50 km SA af Bologna)

- Slovakía/Kozice 4.-9. apríl 2022

(austur Slovakia nálægt ungversku landamærunum)

- Ísland/Reykjavík 19.-23. júní 2022

Enn er ekki búið að skipuleggja ferðir í Erasmus verkefninu Tradition is a source of inspiration – from the region to Europe.

Dýrleif Ingvarsdóttir

## 7 Foreldrasamvinna

Hvorki var haldinn stór foreldrafundur né aðalfundur í foreldraráði leikskólans haustið 2020 vegna samkomutakmarkana í samfélaginu. Haft var samband við starfandi foreldraráð sem samþykkti að starfa áfram skólaárið 2020-2021. Fundaði var 2 sinnum á skólaárinu með foreldraráði. Á fyrri fundinum kynnti Kristín aðstoðarleikskólastjóri fyrir ráðinu ýmis málefni skólans. Á seinni fundinum í febrúar var sumarlokun leikskólans meðal annars ákveðin í samráði við foreldraráðið.

Samskipti við foreldra fóru að miklu leiti fram á rafrænan hátt. Deildarstjórar sendu upplýsingapósta 1-2svar í viku til foreldra til að upplýsa þá um starfið. Foreldraviðtöl voru að hausti og aftur að vori. Foreldraviðtöl fóru fram í síma eða með fjarfundabúnaði.

## 8 Starfsþróun innleiðing menntastefnu - læsi

### Læsi fyrir lífið

Á næsta skólaári tökum við fyrir læsi við innleiðingu Menntastefnu. Verkefnið heitir **Læsi fyrir lífið**.

Áætlun um innleiðingu:

- Á skipulagsdegi verður kynning á verkefninu fyrir starfsfólk.
- Læsiþæmi skólans endurmetur læsisáætlun leikskólans.
- Á deildarstjórafundum kynna deildarstjórar hugmyndir um vinnu og verkefni frá hverri deild. Samræming á vinnuaðferðum fer fram.
- Á skipulagsdögum eru fyrirhuguð námskeið/fyrirlestrar fyrir starfsfólk um læsi barna.
- Á vormánuðum verður námskeið/fyrirlestur fyrir starfsfólk um sögugerð með börnum.
- Starfshópur um læsisáætlun kynnir vinnu sína og mögulegar breytingar/endurbætur á læsisáætlun leikskólans.





- Kennarar verða hvattir til að fara á námskeið til að öðlast réttindi til að taka EVI málþroskapróf og verður einnig boðið uppá að fara á réttindanámskeið til að leggja fyrir Hljóm2 sem er próf sem kannar hljóðkerfisvitund barna.
- Verkefnið verður metið jafnt og þétt yfir skólaárið. Deildastjórar ásamt starfsfólki svara gátlistum af vef menntastefnu. Matsspurningar verða lagðar fyrir á skipulagsdögum.

Haft var samband við leikskólastjórnendur frá Skóla og frístundasviði, þar sem leikskólanum var boðið að taka þátt í verkefni sem miðar að því að rækta grænmeti í gróðurhúsi á lóð leikskólans.

Leikskólastjóra sem og öðru starfsfólki leist strax vel á þá hugmynd og ákveðið var að hoppa á vagninn. Gróðurhúsið sem um ræðir heitir Bambahús og er unnið úr endurnýttu efni. Á heimasíðu Bambahúsa segir m.a. : *Bambahús er fullkomin viðbót við skólastarfið fyrir leik og grunnskóla til að styðja við aðalnámskrá þegar hugað er að sjálfbærni, næringu og umhverfissjónarmiðum.*

<https://www.bambahus.is/>

Enn fremur kemur fram á síðunni að: *Með því að setja upp gróðurhús í leik og- grunnskóla er hægt að bæta menntun og lýðheilsu barna og efla í kjölfarið sjálfbærari lífstíl hjá komandi kynslóðum. Sjálfbær þróun gerir okkur kleift að uppfylla þarfir okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóðar til að mæta sínum þörfum. Saman geta Bambahús og skóla og- frístundasvið verið forsprakki í innleiðingu á sjálfbærum lausnum til betri menntunar, lýðheilsu og framtíð barna.*

<https://www.bambahus.is/>

Við ákváðum að tengja þetta verkefni innleiðingu læsi í leikskólanum og vinna þau samhliða á næsta skólaári. Okkur finnst þessi verkefni kallast á þar sem náttúrulæsi og umhverfismennt efla orðaforða og alhliða þroska barna. Verkefnið verður að einhverju leiti unnið í samstarfi með Landbúnaðarháskóla Íslands sem verður með námskeið fyrir starfsfólk um ræktun í gróðurhúsum.



# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla Bjartahíð

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ					
1 S	1 M	1 F	Krossing /forestráð	1 M	Félagshátíð heilags	1 M	Fúthéldagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	Sprengidagur	1 F	1 S	Verkalýðdagurinn	1 M
2 M	Félagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	Óskudagur	2 L	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 F	Kalútdagur /Ísaborn húðum	3 M	Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 Þ	5 Þ	Barnameningarháttur hatar	5 F	5 F	5 S	Háskunndagur
6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	Íttáttidinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 M	6 F	6 F	6 M	Annar í Háskunum
7 L	7 Þ	7 S	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	Skipulagsdagur/Ástarfa	7 M	7 M	7 M	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 Þ
8 S	8 M	Dagur læsis	8 F	Skipulagsdagur	8 M	Burðardagur gegn smátt	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 S	Maðriddisdagurinn
9 M	9 F	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 M	9 F
10 Þ	10 F	Skipulagsdagur	10 S	10 M	10 F	Lífsgjafi	10 M	10 F	10 F	10 S	Fálmarunndagur	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 F
11 M	11 L	11 M	Vindavika	11 F	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	Dagur íslensks líkamleikans	11 F	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 L
12 F	Opnum velli áttahátíð	12 S	12 Þ	12 F	Skipulagsdagur	12 S	12 M	12 L	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 F	12 S	Sjómanna dagurinn
13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 F	13 S	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	Dagur stafræðisinnar	14 F	14 M	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	Sári /vinnufélagurinn	15 F	15 F	Fátúsdagurinn /lengi	15 S	15 S	15 M	15 M
16 M	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 L	16 M	16 M	16 M	Skipulagsdagur	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 F	Rauður dagur	17 M	17 F	Vorarlýfi gæmskúla	17 F	17 F	17 S	17 S	17 Þ	17 Þ	17 F
18 M	18 L	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	Vorarlýfi gæmskúla	18 F	Skipulagsdagur	18 M	18 M	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 L	19 L	19 Þ	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	Dagur mannlíkinda barna	20 M	20 F	20 F	20 S	Konudagur	20 S	20 M	20 M	20 M	20 F	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 S	21 Þ	Fíftífundur	21 F	Burðardagur/Bornahátíð	21 M	21 M	21 M	21 M	21 F	21 L	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	Vorarlýfi gæmskúla	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 Þ	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 S	22 M	22 M
23 M	Skilaseining gæmskúla	23 F	23 L	Fyrsti vaxardagur	23 Þ	23 F	Þurkasmessa	23 S	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 M	23 F	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 F	Áttíundagur /Ílla	24 M	24 M	24 F	24 F	24 F	24 S	24 S	24 Þ	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	Vorarlýfi gæmskúla	25 F	25 F	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 L	25 L
26 F	26 S	26 M	26 F	Vorarlýfi gæmskúla	26 F	26 S	26 S	26 M	26 L	26 L	26 M	26 M	26 M	26 F	26 F	26 M
27 F	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 M	27 F	27 F	27 S	27 S	27 S	27 M	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 F	28 M	Bokudagur	28 M	28 M	28 F	28 F	28 L	28 Þ	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 L	29 M	29 Þ	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 M	29 M
30 M	30 F	30 L	30 L	30 F	30 F	30 S	30 M	30 M	30 M	30 M	30 M	30 L	30 L	30 M	30 M	30 F
31 Þ			31 S		31 F	Gættíundagur	31 M			31 F				31 Þ		

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Greinargerð vegna breytinga á húsnæði skólans

### 10.2 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Björtuhlíðar

Kristín Gunnarsdóttir Aðstoðarleikskólastjóri    Dagsetning 01.07.21





# Greinargerð vegna óska um breytingar á húsnæði leikskólans Björtuhlíðar í Grænuhlíð 24 Reykjavík

Leikskólinn Bjartahlíð í Grænuhlíð 24 er barn síns tíma. Húsið er ríflega 50 ára og hannað fyrir starfsemi sem var nokkuð ólík því sem er í leikskólum í dag. Arndís Bjarnadóttir leikskólastjóri var upphafskona þess að breyta leikskólanum til nútímalegra horfs, í þeim tilgangi að bæta vinnuaðstöðu barna og starfsfólks. Hugmyndir Arndísar leiddu til þess að við höfum verið í samskiptum við Önnu Maríu Benediktsdóttur og Fanneyju Margræti Eiríksdóttur arkitekta SFV .

Komið er að því að endurnýja innviði skólans og er það verk þegar hafið. Þær framkvæmdir sem ákveðnar hafa verið eru að skipta út öllum gólfdukkum og endurnýja hluta af gluggum. Áður en að þeim framkvæmdum kemur viljum við viðra nokkrar hugmyndir sem upp hafa komið í samtali okkar og á fundum með Önnu Maríu og Fanneyju sem og Ómari Þórdórssyni fasteignastjóra.

## Breytinga á álmu D

Austasta deild leikskólans (álma D) hefur reynst okkur erfið í skipulagningu leikskólastarfs. Í upphafi var deildin hönnuð sem vöggustofa og ber þess merki. Deildin skiptist í 5 lokuð herbergi og barnasalerni sem er opið fram á gang og ekkert næði fyrir börnin þar. Deildin er að hluta dimm og óvistleg. Mjög léleg hljóðvist er einnig í einu af herbergjum deildarinnar. Fataherbergið klýfur deildina í tvennt og hlýst af því töluvert ónæði. Undirbúningsaðstaða kennara er í einu herbergi deildarinnar. Þar eru prentarar, tölvur, plöstudarvél og önnur tæki geymd þannig að stöðugur straumur starfsmanna er í gegnum deildina allan daginn. Loftgæðum á deild er ábótavant eins og á öllum deildum leikskólans. Opin fög á gluggum eru fá og yfirleitt hátt uppi. Erfitt er að loftræsta deildina.

Þær breytingar sem við vildum sjá á deildinni eru:

- Að opna milli rýma til að fá betra flæði og aukna birtu.
- Færa fataherbergi úr miðrymi í núverandi undirbúningsherbergi kennara. Þá verður minna ónæði á deildinni þegar börn eru að koma og fara.
- Ef fataherbergi er fært þarf að setja upp nýtt hlið/grindverk úti við nýjan inngang.
- Loka þarf snyrtingu barna til að skapa næði.

## Loftgæði í leikskólanum eru ekki góð

Gluggar í húsinu öllu eru komnir til ára sinna og til stendur að gera þar bragarbót. Loftgæði í húsinu eru léleg. Sérstaklega á þetta við á deildunum sem eru í miðju hússins. Á öllum deildum þarf að fjölga og eða stækka opnanleg fög á suðurhlið hússins. Setja þarf gler sem ver gegn hita og birtu. Við hefðum áhuga á að gluggasetning yrði endurhönnuð þ.e. að gluggar verði síkkaðir til að auka útsýni barnanna. Ofnar yrðu þá lækkaðir og yfirbyggðir. Ofnar myndu nýtast sem sæti og/eða borð.

Það sem þarf að gera er:

- Fjölga þarf og stækka opnanleg fög á gluggum á suðurhlið.
- Setja gler í gluggana sem ver gegn hita og birtu og bætir þar með loftgæði.
- Gluggar og ofnar lækkaðir og ofnar yfirbyggðir.

## Matstofa

Stjórnendur og kennarar skólans hafa lengi haft þann draum að hafa matstofu fyrir börnin. Umræðan og áhuginn jókst mikið sl. vetur þegar við unnum með sjálfeflingu barna í innleiðingu menntastefnu. Við trúum því að það sé valdeflandi fyrir börn að borða með sínum jafningjum, velja sér sæti og eyða matartímanum á sínum forsendum en ekki þar sem kennari stjórnar því hversu lengi matartíminn varir og jafnvel allri umræðu. Með matstofu sjáum við einnig hag í að losna við borð af deildum og auka þannig leikrými barnanna. Matarvagnaakstur fram og til baka um ganga og gegnum deildir með tilheyrandi truflun hafa verið áberandi og hvítleiður hluti af leikskólastarfinu. Álma B sem er gengt eldhúsinu væri tilvalin sem matsalur einnig myndi norður herbergi deildarinnar vera tilvalið sem undirbúningsherbergi kennara. Það væri mikil hagræðing að hafa undirbúningsherbergi kennara í miðrými skólans þar sem það myndi minnka umgang starfsfólks gegnum aðrar deildir. En eins og áður kemur fram þurfa kennarar að ganga í gegnum deildir til þess að komast í undirbúningsherbergið.

Ef farið yrði í þessar framkvæmdir hefði það í för með sér að leggja þyrfti niður eina deild og þar með fækka börnum að einhverju marki. Það væri þó hægt að fjölga börnum á öðrum deildum, sérstaklega í álmu A og álmu D sem eru endaeildir leikskólans.

Þær breytingar sem þyrfti að gera til að matsalur yrði að veruleika eru:

- Að taka niður léttan vegg á milli eldhúss og „matstofu“.
- Taka niður hluta af burðarvegg milli stofanna á deildinni, skilja eftir burðarbita.
- Í undirbúningsherbergi þyrfti að setja upp tengingar fyrir tölvur og aðstöðu til viðtala.
- Matstofa myndi að einhverju leiti nýtast fyrir börnin þegar ekki eru matartímar.

Markmiðið/tilgangurinn með þessum breytingum er að auka og bæta vinnu/leikaðstöðu og vellíðan bæði barna og starfsfólks.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta eru ansi róttækar og kostnaðarsamar breytingar. En eins og áður segir þá er húsnæðið barn síns tíma og lagfæringar og breytingar löngu tímabærar.

Það að fækka börnum í skólanum er væntanlega ekki efst á baugi hjá stjórnendum á Skóla og frístundasviði en það er ekki einungis hægt að horfa á fjölda barna heldur þarf að huga að þeim sem dvelja þar daglangt við leik og störf.

Það er einlæg ósk okkar að þessu erindi verði vel tekið. Látum draumana rætast!

Með vinsemd og virðingu

Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Björtuhlíð

Dýrleif Ingvarsdóttir verkefnisstjóri í Björtuhlíð

# **Starfsáætlun 2021 – 2022**

## **Bjartahlíð**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Eygló Svala Arnarsdóttir**  
**Guðrún Ólafsdóttir**  
**Hjalti Sigurðsson**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**

Vel hefur tekist að halda úti metnaðarfullu, fjölbreyttu og skemmtilegu leikskólastarfi þrátt fyrir faraldur og langtímaveikindi starfsmanna, þótt þetta tvennt hafi óneitanlega markað starfið að einhverju leyti, sérstaklega á þeim deildum þar sem deildarstjórar fóru í veikindaleyfi. Stefnuleysi í starfi og samskiptaleyfi við foreldra hefur neikvæð áhrif á starfsfólk, börn og foreldra og þótt erfiðleikarnir sem upp komu síðasta vetur, m.a. varðandi sérkennslu, hafi verið skiljanlegir styður foreldraráð áform stjórnenda um að gera varaáætlanir ef slíkar aðstæður koma upp aftur.

Vegna faraldursins hafa samskipti leikskólakennara og foreldra eðliega verið af skornum skammti og hafa foreldrar tekið minni þátt í leikskólastarfi en verið hefur. Við gerum ráð fyrir að þetta fari aftur í fyrra horf um leið og aðstæður í samfélaginu leyfa, en góð samvinna foreldra og leikskóla, þátttaka í

starfi og heimsóknir foreldra og annarra fjölskyldumeðlima í leikskólann hafa jákvæð áhrif á börnin og starfsemina, tengja foreldra innbyrðis og gerir þá meðvitaðri um það metnaðarfulla starf sem fer fram í leikskólanum.

Ánægja er með innleiðingu menntastefnu og hefur hún skilað miklu á undanförunum árum. Vináttuverkefnið Blær er mikilvægt til að koma í veg fyrir stríðni og einelti, stuðlar að betri samskiptum og hjálpar börnum við að tjá tilfinningar sínar. Verkefni tengd listsköpun, læsi, sjálfsefningu, lýðræði og félagsfærni eru bæði þroskandi og spennandi fyrir börnin. Sérstök ánægja er með hefur verið með vísindastarf á undanförunum árum – stendur til að hafa vísindadaga og -leiki næsta vetur eins og verið hefur?

Læsisverkefni er mjög þarft m.t.t. stöðu lesturs hjá grunnskólabörnum (og drengjum sérstaklega). „Lubbi finnur málbein“ er góður grunnur en foreldraráð fagnar frekari áformum um eflingu læsis með nýrri læsisáætlun og verður áhugavert að lesa nýja áætlun þegar hún er tilbúin. Það er einnig góð hugmynd að yfirfæra læsi á aðra þætti, t.d. aukna umhverfisvitund. Foreldraráð lýsir yfir mikilli ánægju með gróðurhúsið og fyrirhugaða grænmetisræktun og verður spennandi að fylgjast með því hvernig verkefninu vindur fram.

Það er jákvætt að leikskólinn taki þátt í Erasmus-verkefni og sé í samstarfi við leikskóla í öðrum löndum. Pólskir dagar komu sérstaklega vel út og spurning hvort þeir séu hreinlega komnir til að vera þar sem stór hópur fólks af pólskum uppruna býr á Íslandi og hluti þeirra á börn og/eða starfar á leikskólanum. Gera mætti fjölmenningu betri skil, t.d. að hafa fjölmeningardag þar sem börn og kennarar sem hafa tenginu við önnur lönd segi frá sinni menningu (í Eldflauginni í Hlíðaskóla var búið til plakát með fánum allra þeirra þjóðlanda sem börnin í frístundinni höfðu tengingu við). Það þarf ekki endilega að eiga við um börn sem eiga foreldri eða foreldra af erlendum uppruna, heldur líka þau sem eiga ömmur og afa af öðru þjóðerni eða þau sem hafa búið erlendis.

Foreldraráð telur að það sjáist að öflug þátttaka í þróunar- og samstarfsverkefnum hafi góð áhrif á starfsumhverfi leikskólakennara í Björtuhlíð og eigi þátt í góðum starfsanda. Enda er mikilvægt fyrir starfsmenn að hafa tækifæri að þroskast í starfi og hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. Spennandi námsferðir erlendis eru fyrirhugaðar og vonandi kemur kófið ekki í veg fyrir þær. Einnig er jákvætt að stytting vinnuvikunnar hafi góð áhrif á starfsánægju og vonandi mun skipulagið ganga betur með meiri reynslu.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eru mjög þarfar og vonandi verður hægt að hefja framkvæmdir fljótlega. Sniðugt er að hafa sameiginlegan matsal og gefa börnunum tækifæri á að stjórna matartíma sínum upp að vissu marki. Væri möguleiki að hafa einhvers konar hlaðborð þar sem börn gætu valið milli tveggja rétta, eða mismunandi meðlætis? Áhugavert er að lesa mat barnanna á leikskólanum og gott er að líta til þeirra sjónarmiða í endurhönnunarferli, t.d. virðast börnin vera að kalla eftir litríkari svæðum. Einnig kom ósk um breytingar á útisvæði (fótboltavöllur, t.d.) – eru fyrirhugaðar breytingar á útisvæði?

Allt samstarf og samráð við Hlíðaskóla er jákvætt og mætti gjarnan vera meira.

Foreldraráð vill hrósa starfsfólki leikskólans fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður á síðasta vetri.

